

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. janúar 2015

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (markmið, stjórnsýsla og almenn ákvæði), 322. mál.

Frumvarp þetta er liður í heildarendurskoðun laga um almannatryggingar. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum sem einkum snúa að almennum ákvæðum laganna, formi þeirra og stjórnsýslu. Ekki er fjallað um bótagreiðslur, skilyrði fyrir örorkulífeyrir, lífeyrisaldur og sveiganleg starfslok og er í athugasemdum vísað til þess að þau atriði eru til umfjöllunar í nefnd sem skipuð er fulltrúum stjórnrmálaflokkja, aðila vinnumarkaðarins og helstu hagsmunaaðila, undir formennsku Péturs Blöndal, alþingismanns.

Í 1. gr. frumvarpsins eru orðskýringar, en þær er ekki að finna í gildandi lögum. Samtök atvinnulífsins leggja til að við bætist skilgreining á hugtakinu örorka. Í athugasemdum með 1. gr. segir: „Áfram er gert ráð fyrir þeirri grundvallarreglu að hverjum einstaklingi sé skyld að framfleyta sér sjálfur en að hlutverk lífeyristrygginga almannatrygginga sé fyrst og fremst það að veita þeim sem löginn taka til og á þurfa að halda bætur og aðstoð vegna atburða sem kunna að valda tekjutapi eða tekjulækkun og sérstökum útgjöldum vegna elli eða örorku.“ Lagt er til að skilgreining á hugtakinu örorku taki mið af framangreindri umfjöllun og nánar verði fjallað um skilyrði greiðslna örorkulífeyris og endurhæfingarlífeyris.

Í 18. gr. gildandi laga um almannatryggingar segir að rétt til örorkulífeyrir eigi þeir sem eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar. Tryggingastofnun ríkisins meti örorku þeirra sem sækja um örorkulífeyrir samkvæmt sérstökum örorkustaðli. Ráðherra setji reglugerð um örorkustaðalinn. Í umræddri reglugerð, nr. 379/1999, eru tilgreindar ýmsar líkamlegar og andlegar skerðingar á færni sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að einstaklingur teljist 75% öryrki. Til að mynda telst maður 75% öryrki ef hann getur ekki gengið nema 50 metra án þess að nema staðar eða fá veruleg óþægindi, ef hann getur ekki setið (án óþæginda) nema 30 mínútur eða ef hann getur ekki staðið nema 10 mínútur án þess að setjast.

Sú skerðing á líkamlegri færni sem veitir rétt til varanlegs örorkulífeyrir samkvæmt örorkustaðlinum er í litlum tengslum við getu til öflunar atvinnutekna. Það er því mótsögn á milli þess sem segir í athugasemd við 1. gr. að það sé hlutverk laganna að veita þeim sem löginn taka til bætur vegna atburða sem kunna að valda tekjutapi eða tekjulækkun.

Þá er ástæða til að gera athugasemd við ákvæði í d-lið (11. gr.) sem kveður á um að ráðherra ákveði hvar þjónustustöðvar Tryggingastofnunar skuli vera. Í greinargerð er sagt að það sé „talið eðlilegt“. Samtök atvinnulífsins telja þvert á móti þeirri staðhæfingu og óeðlilegt að ráðherra sé að vasast í slikum málum og eðlilegt að forstjóri, í samráði við stjórn stofnunarinnar, ákveði staðsetningu þeirra út frá hagkvæmnissjónarmiðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannar G. Sigurðsson